

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi:	Hjalti Jón Guðmundsson
Dags:	09.01.2023
Boðaðir:	Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Haraldur L. Haraldsson
Fundarmenn:	Allir mættir
Bréfalykill:	02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi
Málsnúmer:	MAR22020305

Efni: Fiskeldissjóður - 40. fundargerð

Frásögn af fundi

1. Fundur með sveitarfélögum um úthlutunarreglur

Stjórn hélt TEAMS fund með sveitarfélögum um úthlutunarreglur sjóðsins fyrir árið 2023. Markmið fundarins var að kynna drög að úthlutunarreglum sjóðsins og fá viðbrögð og sjónarmið sveitarfélaga.

Mætt á fundarstað var stjórn sjóðsins: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson ásamt Sigríði Kristjánsdóttur frá Vestfjarðastofu.

Á fjarfundi mættu eftirfarandi: Anna Lára Jónsdóttir, Ísafirði, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggð, Guðjón Bragason, Sambandi ísl. sveitarfélag, Þorgeir Pálsson, Strandsbyggð, Jón B. Hákonarson, Fjarðabyggð, Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík, Aðalsteinn Óskarsson, Vestfjarðastofu, Bragi Þór Thoroddsen Súðavík og Björn Ingimarsson, Múlaþingi. Ennfremur tveir stjórnarmenn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga: Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjum og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Dalvík.

Í upphafi fundar kynnti stjórn fyrirhugaðar breytingar á reglunum en þær lutu að 3., 4. og 8. gr. þeirra. Í kjölfarið var opnað fyrir umræður um tillögurnar og svöruðu stjórnarmenn fyrirspurnum.

Fundi var slitið 14:04.

2. Umræður um fund og ákvörðun um næsta fund

Í kjölfar fundar með sveitarfélögum ræddi stjórn um næstu skref. Ákveðið var að halda næsta fund þann 12. janúar n.k. kl. 09:00 til að ljúka við úthlutunarreglur og útbúa auglýsingu vegna úthlutunar 2023.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 14:40

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

